

Fundargerð 12. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 12. maí 2014

Árið 2014, mánudaginn 12. maí 16.00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2013

Páll gjaldkeri fór yfir ársreikning samtakanna fyrir árið 2013. Rekstarafkoma ársins er 3.572 þús. kr. Ársreikningurinn hefur verið sendur aðildarsveitarfélögum til kynningar.

Stjórn staðfestir ársreikninginn.

2. Erindi frá Djúpavogi

Bréf frá hreppsnefnd Djúpavogshrepps dags.29. apríl 2014 lagt fram.

Á fundinum gerði stjórn eftirfarandi ályktun.

Stjórn sjávarútvegssveitarfélaga tekur undir áhyggjur sveitarstjórna og íbúa þeirra sjávarbyggða sem horfa fram á flutninga á atvinnutækifærum og brottflutning fólks frá Djúpavogi, Húsavík og Þingeyri. Ekkert sveitarfélag kemst í gegnum högg sem þetta án stuðnings frá hinu opinbera.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera þá skýru kröfu að fleiri leiða verði leitað en að gera sjávarútveginn ábyrgan fyrir byggðapróun í landinu. Auknar varnir fyrir sjávarbyggðirnar og íbúa þeirra verður að byggja inn í löggin um stjórn fiskveiða, og færa sveitarstjórnnum sjávarútvegssveitarfélaganna raunhæf tæki til að takast á við þær breytingar sem fylgja aukinni hagræðingarkröfu í sjávarútvegi og breytingu á löggjöf.

Samtökin óttast þær blíkur sem nú eru á lofti vegna hagræðingaraðgerða Vísis, og minna á að sífelld samþjöppun í sjávarútvegi er afleiðing krafna um hagkvæmari rekstur og birtingarmynd þeirra aðstæðna sem greinin býr við. Því má ætla að þessar breytingar séu einungis hluti af þeim breytingum sem áfram má vænta.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera kröfu til þess að ríkisvaldið kannist við ábyrgð og aðstoði viðkomandi sjávarbyggðir í bráð, en leiti einnig raunhæfra leiða til að sjávarútvegssveitarfélögin geti betur tekist á við þær breytingar sem eru, og verða áfram í sjávarbyggðunum. Það er grundvallaratriði í byggðapróun á Íslandi.

Samtökin lýsa sig reiðubúin að koma að stefnumótun og vinnu í þessum efnum.

3. Önnur mál

Elliði segir frá fundi með atvinnuveganefnd þar sem hann fylgdi eftir umsögn stjórnar um frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld.

Stjórn ræddi um dóm í máli Vestmannaeyjabæjar gegn Bergi-Huginn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.40.
Fundargerð skráði RR.